

HRAUNBÚINN

1. tölublað 26. árgangur 2007

www.skataskeyti.is



Fermingarblað 2007



Útgefandi: Skátafélagið Hraunbúar
Skátamiðstöðinni Hraunbyrgi
Hjallabraut 51, 220 Hafnarfirði
Stofnað 22. febrúar 1925

Ritstjórn: Inga María Magnúsdóttir &
Nanna Guðrún Bjarnadóttir

Ábyrgðarmaður:
Inga María Magnúsdóttir

Ljósmyndir: Ýmsir Hraunbúar

Útlit og umbrot:
Einar Elí Magnússon, ee.is

Forsíðumynd:
Haraldur Hrannar Haraldsson

Prentvinnsla: Prentmet ehf.

Upplag: 8500 eintök
Dreift inn á öll heimili í Hafnarfirði

Skátafélagið Hraunbúar er framsækið skátafélag sem hefur það að markmiði að auka þroska ungs fólks og gera það betur fært til að takast á við hin margvíslegu verkefni sem bíða sérhvers einstaklings.

Skátamiðstöðin Hraunbyrgi er ein glæsilegasta aðstaða sem skátafélag hefur á Íslandi. Þar er margvísleg starfsemi.

Þar má finna aðstöðu fyrir skátastarfið sem fer fram innan dyra, aðstöðu fyrir skátasveitirnar, sal, vinnuástöðu foringja, eldhús og smíðju.

Í húsinu er rekin ýmis þjónusta fyrir ferðamenn og aðra. Gistiheimili er rekið í hluta hússins allt árið og í nær öllu húsinu á sumrin. Aðstaða er öll hin besta og ferðamennirnir sem koma víða að láta fara vel um sig í glæsilegu húsi í fallegu umhverfi.

Glæsilegur salur er í húsinu sem hefur verið mjög vinsæll til hvers konar fundarhalds, námskeiða, tónleika og hátíðarhalds.

Félagið rekur einnig tjaldsvæðið á Víðistaðatúni og tjaldgestir geta nýtt sér góða aðstöðu í skátamiðstöðinni, s.s. eldhús, sturtur og setustofu.

Félagið hefur einnig skipulagt óvissuferðir og aðrar upptækur fyrir fyrirtæki og stofnanir.

www.hraunbuar.is

www.skataskeyti.is



Inngangur félagsforingja

Si monumentum requiris circumspice

„Ef þið eruð að leita að minnismerkinu - lítið í kringum ykkur.“

Allir skátar eru minnismerki Baden-Powells og konu hans Ólafar og halda upp á aldarafmæli skátastarfs um víða veröld. Skátahreyfingin sem var hugarsmið hans en ævistarfi þeirra beggja hefur nú staðið í hundrað ár og haft áhrif á um 500 milljónir manna. Það er svo há tala að það tekur um átta ár að telja upp að þeirri tölu.

Hvers vegna er ég að segja frá þessu?

Vegna þess að þau hjónin hafa haft veruleg áhrif á hvern og einn skáta jafnvel þó þeir hafi aldrei séð þau eða heyrt. Stundum er athyglisvert hversu mikil áhrif bláókunnugt fólk hefur á okkur, jafnvel þó að við höfum aldrei hitt það að máli.

Lengi hafði Baden-Powell haft áhuga á því að finna leiðir í uppléðismálum sem skáru sig úr stirnuðu skólakerfi og gátu dregið fram frumkvæði og sköpunargleði ungs fólks. Ef til vill kviknaði hugmyndin er hann þurfti að kenna óskólagengnum hermönnum allfjókin fræði, kortagerð, umönnun hesta, hreinlæti o. m. fl. en hann sá að lausn verkefna úr nærtæku daglegu lífi vöktu áhuga og sköpuðu skilning langt umfram þurran lærdóm.

Einnig hafði það vakið athygli hans eins og margra mætra karla og kvenna á áratugunum fyrir aldamótin 1900 að aukinn frítími unglinga fór oft fyrir lítið. Baden-Powell vildi að fólk væri virkt, lífandi, fullt af lífsorku og góðu skapi. Til dæmis var hann ekki hrifinn af knattspyrnuleikjum, þar sem 22 leikmenn væru virkir en 40 þúsund áhorfendur óvirkir! Það hlaut að vera unnt að efla ungt fólk með einhverjum hætti, auka hjá því sjálfstraust og um leið fá því tæki til að skipuleggja eigin tómstundir. Þessar uppléðis-hugmyndir kynnti Baden-Powell í Höfðaborg í Suður-Afríku árið 1900, á ársfundi kennarasambands Höfðanýlendunnar.

Hugmyndir Baden-Powells breyttust stig af stigi uns fullmótaðar kenningar voru reyndar í verki í úti-

legu á Brownsea eyju utan við Poole Harbour - sumaríð 1907. Hugmyndir eins og að safna saman 5-6 krökkum í hóp, skátaflokk sem saman reyndu sig við verkefni sem voru mismunandi erfið. Elda mat á eldi utan-dyra, rekja spor, kanna dýralíf, læra að rata og ferðast um ókunnar slóðir. Hugmynd Baden Powells um skátaflokkinn, verkefni sem hver og einn átti að leysa, hópvinna, samvinna og að læra að taka tillit til annarra auk þjálfunar í því að taka forystu, þetta var kraftaverkið í hugmyndum Baden-Powells. Ekki sakaði að á þeim

árum var Baden-Powell vinsælastur manna á Bretlandi og þurfti að bíða í sextíu ár uns Bítarnir komu til sögunnar og gerðu betur í almannahylli. Bítarnir buðu ungu fólki ekki til útilegu þó enn séu þeir skemmtikraftar í fullu gildi.

Aldarafmæli er mikill merkisviðburður sem oftast ber með sér að félög og stofnanir jafnt og mannfólki sé í nokkurri elli. Það á ekki við um skátahreyfinguna - enda skátarnir sjálfir - þátttakendurnir jafnan á sama aldri. Skátarnir hafa á sínum ferli leitt fólk út í náttúruna, fengið almenning til að setjast við varðeldinn, vanda sig við að láta hvergi sjást þess merki að skáti hafi verið á ferð. Skátahreyfingin var þegar í upphafi verndari umhverfisins og friðarhreyfing.

En samt er eitt öllu mikilvægara, það er skátaandinn sem tengir saman skáta.

Fólk frá öllum löndum af mörgu þjóðerni og trúarbrögðum. Undir merki skátaheitisins sem er hið sama um skátaheiminn allann og allir þekkja.

*Brennur skátabál
þjarna þess ég finn.
Leikur ljúfur blær
Létt um vanga minn.*

Framundan er vorið og skemmtilegt skátastarf.
Guðvarður B. F. Ólafsson
Félagsforingji Hraunbúa

100 ára afmæli skáta-hreyfingarinnar



22. febrúar árið 1857 eða fyrir 150 árum fæddist stofnandi skáta-hreyfingarinnar, Sir Robert Baden-Powell. Skátaævintýrið sjálft hófst í júlí árið 1907 þegar Baden-Powell fór með 22 stráka í útilegu á Brownsea eyju við England. Hann fór með þá út í náttúruna með það að markmiði að ýta undir þroska þeirra og hæfileika og kynna þeim náttúruna og allt það sem hún hafði upp á að bjóða.



Í dag, hundrað árum seinna, starfa u.þ.b. 40 milljónir skáta í nær öllum löndum heims. Baden-Powell taldi að með því að nýta hæfileika hvers einstaklings og kenna þeim að vinna saman í hóp, gæti þessi hópur leyst ýmis flókin verkefni í sameiningu.



22. febrúar ár hvert, höldum við uppá afmældisdag Baden-Powell, hjá okkur Hraunbúum hefur það lengi verið hefð að vígja skátana okkar á þeim degi. Nú í ár höldum við vígsluathöfn í Víðistaðarkirkju þar sem skátar voru vígðir og að lokinni athöfninni var haldið á Víðistaðartún þar sem kveikt var á 100 kyndlum í tilefni af 100 ára afmæli skáta-hreyfingarinnar.



Efnisyfirlit

Inngangur félagsforingja.....	2
100 ára afmæli skáta-hreyfingarinnar	3
Hraunbúar sækja um gæðavottun BÍS	5
Alheimsmót skáta 2007.....	6
Ævintýri hjá Ljósálfum og Ylfingum	6
Útilífsskóli Hraunbúa	7
Flokksútilega Trítla	8
Skátasveitin Riddarar	9
Hvað er vor án Vormóts? ...	10
Forsetamerkið	10
Þjóðverjar í heimsókn hjá Ds. Trail.....	11
Sveitarútilega Rauðskinna	12
Ds. Asterix	13
Fjöruferð Vogabúa.....	13
Ofurhetjur í Vatnaskógi	14
Þjóðarkvöld og sunnudagsgöngur.....	15
Fengum að vera eins og við erum	16

Listi yfir fermingabörn og leiðbeiningar fyrir skátaskeyti17

Músik og Sport

Reykjavíkurvegi 60 555 2887
www.musikogsport.net

IDNVÉLAR
Hvaleyrrbraut 20 220 Hafnarfirdi Sími 565-5055 Fax 565-5056
www.idnvelar.is idnvelar@idnvelar.is

Óskum fermingarbörnum heilla á fermingardaginn



Viltu senda fermingarbarninu skeyti? Kíktu á www.skataskeyti.is

Hraunbúar sækja um gæðavottun BÍS

Skátafélagið Hraunbúar skilaði á aðalfundi félagsins, 28. febrúar síðastliðinn, umsókn til Bandalags Íslenskra skáta um að fá gæðavottorðið „Á réttri leið“. Mikil vinna er á bakvið þessa umsókn sem unnin hefur verið af stjórn félagsins. Með vottuninni vonumst við að ná fram meiri stöðugleika auk þess sem foreldrar, félagsmenn og velunnarar fá staðfestingu á því góða starfi sem Hraunbúar eru að vinna.

Upphafið

Skátahreyfingin þarf að sýna að hún gerir kröfur til sjálfrar sín hvað varðar gæði og innihald starfsins. Fyrir þremur árum gaf Bandalag Íslenskra skáta út gæðamatið „Á réttri leið“. Í því fellst að skátafélög geta látið gera úttekt á starfsemi sinni miðað við samþykktar gæðakröfur - standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu.

Síðan þá hefur aðeins eitt skátafélag hlotið þessa viðurkenningu og er það skátafélagið Víflar í Garðabæ. Það lýtur því út fyrir að Hraunbúar verði á meðal fyrstu félaga landsins sem fá þessa viðurkenningu.

Viðamikilið mat

Gæðamatið tekur á mjög mörgum þáttum skátastarfsins og má segja að þeim sé skipt niður í fimm flokka

* Skipulag félags

Sýna þarf að skipulag félagsins sé skýrt með virkri stjórn og foringjaráði. Skýrt er tekið á um ábyrgð stjórnar og vinnuhópa hennar auk þess sem tekið er á starfsmannamálum. Tryggt er að haldnar séu fundargerðir og aðalfundur samkvæmt góðum siðum og venju.

* Starf félags

Tryggt er að foringjar félagsins og stjórn þess setjist niður og greini núverandi stöðu félagsins, setji sér skýr markmið og móti framtíðarsýn. Setja þarf fram áætlun hvernig eigi að ná þessu markmiði.

* Fjármálastjórn

Sýna þarf að félagið sé með ábyrga og virka fjármálastjórn, virkt eftirlit og setji sér fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að halda góða eignaskrá auk þess sem fara þarf eftir vinnureglum við bókanir félagsins og ábyrgð gjaldkera og starfsmanns.

* Fræðslumál og Menntun

Nauðsynlegt er að félagið sé vel stutt í menntun foringja skátanna. Sérstakur fræðsluforingi sér um að halda utanum menntun foringja og tryggja að símenntunaráætlun sé fylgt. Nauðsynlegt er að félagið sé með stefnu í útvistar, umhverfis og friðarmálum og fylgi henni.

* Samstarf

Samstarf við sveitarstjórnir, BÍS, Landsbjörgu, st. Georgsgilda og aðrar stofnarnir skulu vera í föstum skorðum auk þess sem vinafélög og samstarf á alþjóðavettvangi skal vera til staðar.

Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi




heldur aðeins brot af því helsta til að fá hugmynd um hvað matið snýst um.

Ávinningur af viðurkenningu

Ef BÍS samþykkir umsókn félagsins er ljóst að ávinningurinn verði margvíslegur. Handbókin sem gerð er samhlíða umsókninni tryggir betra, markvissara og stöðugra starf innan félagsins í sífellt auknum kröfum nútímans. Félagið fær að nota „Á réttri leið“ nafnið og er það staðfesting til skáta, foreldra, velunnara og foringja að skátastarfið er gott.

Hraunbúar vonast til að á næstu mánuðum verði BÍS búið að taka út starf félagsins og Hraunbúar fái viðurkenninguna „Á réttri leið“. Það er ekki lokin á gæðastarfinu heldur einungis upphafið því að vera skátafélag á réttri leið krefst sífelldrar endurskoðunar og úrbóta.



Alheimsmót skáta 2007



Í sumar munu um 430 íslenskir skátar halda til Englands á 21. Alheimsmót skáta, sem verður haldið dagana 27. júlí til 8. ágúst. Þema mótsins er „One World One Promise“ eða Einn heimur, eitt heiti. Þessa 12 daga munu skátarnir skemmta sér við skátastörf og leik. Þetta er einstakt tækifæri fyrir krakka til að kynna erlendum skátum, menningu þeirra og uppruna. Stór hluti af mótinu er að búa í tjaldbúð, hitta vini við varðeld á kvöldin, ýmiss konar

uppákomur um öll torg, skipta á merkjum frá öllum heimshornum og margt fleira spennandi. Hápunktur mótsins verður án efa þegar skátar fagna 100 ára afmæli skátastarfs í heiminum og er mótið helgað þessu afmæli. Að búa með fólki alls staðar að úr heiminum í þéttri tjaldbúð þar sem friður, samvinna og skemmtun ræður ríkjum, er án efa stórkostleg upplifun! Að mótinu loknu munu svo skátarnir fara í heimagistingu hjá breskum skátum í 3 daga.

Mikill kostnaður fylgir svona för og eru því skátarnir að safna fjármunum til að láta þennan draum rætast. Má þar nefna kvöldvöku sem

* 1. Alheimsmótið var haldið í Englandi árið 1920 en þá mættu 8.000 skátar frá 34 löndum til leiks.

* 20. Alheimsmótið var haldið í Tælandi um áramótin 2002-2003, en þá tóku 30 þúsund skátar þátt frá alls 157 löndum.

* Í ár verður Alheimsmót haldið í Hylands Park sem er 400 hektara landsvæði 50 km norðaustur af London. Meira en 40.000 skátar munu taka þátt, alls staðar að úr heiminum.

* 27 Hraunbúar eru hluti af 400 þátttakendum frá Íslandi í ár á 21. Alheimsmóti Skáta í Englandi.

haldin verður í lok maí, þar sem stefnt er að því að safna áheimum frá fyrirtækjum í bænum fyrir því að syngja og leika í 24 klukkustundir samfleytt. Allur stuðningur bæjarbúa er að sjálfsögðu vel þeginn. Húsið kemur til með að vera opið allan tímann meðan á maraþoninu stendur og vil ég hvetja fólk til að fylgjast með og taka þátt.

Nánari upplýsingar verða á heimasíðu okkar www.hraunbuar.is

Heimasíða mótsins er www.worldscoutjamboree21.org

Frá Alheimsmóti skáta í Tælandi 2002-03.

Æ vintýri hjá Ljósálfum og Ylfingum

Ylfingastarfið hefur verið mjög fjölbreytt og gott en starfið byrjaði á fullu í ágúst. Haldnir hafa verið 23 fundir síðan þá og þar hefur margt verið afrekað, á fundum hafa krakkarnir verið að vinna verkefni úr verkefnabókinni sem er m.a. að elda hikebrauð á opnum eldi, læra skemmtilega hnúta og læra að umgangast náttúruna. Einnig fórum við í Klifurveggin í vetur og höfum verið dugleg að fara í skátaleiki.

Fyrir áramót fórum við í dagsferð á Hvaleyrarvatn þar sem var farið í gönguferð, leikið sér í vatninu og farið í marga skemmtilega skátaleiki.

Þann 31 mars næstkomandi fórum við í útilegu þar sem krakkarnir vígjast sem Ylfingar og Ljósálfar. Við stefnum svo auðvitað á að fara á Ylfingamót sem verður haldið í 8. - 10. júní á Úlfjótavatni.



Ljósálfar & ylfingar

Hraunálfar 9 - 10 ára stelpur
Grábræður 9 - 10 ára strákar

Sveitarforingi: Claus Hermannsson

Sumarævintýri fyrir unga og hressa krakka

Útilífsskóli Hraunbúa 2007



Útilífsskólinn er fyrir krakka á aldrinum 8 - 11 ára sem vilja kynnst ævintýri náttúrunnar, öðrum krökkum og skemmtilegu skátastarfi. Hvert námskeið stendur í 5 daga og fer þannig fram að krökkunum er skipt upp í 4-6 manna hópa (flokka) þar sem þau vinna saman að krefjandi og skemmtilegum verkefnum. Mikill metnaður er lagður í dagskrá útilífsskóla og er hún byggð upp á mikilli útiveru og

skátastarfi, meðal annars er farið í náttúruskoðun, heimsókn til björgunarsveitarinnar, kanósiglingu, klifur, sig, rötun, útiöldun, sund og skátaleiki. Námskeiðin enda með einnar nætur útilegu við Hval-eyrarvatn í Hafnarfirði, einnig eru í boði námskeið án útilegu en þá er farið í dagsferð á Hval-eyrarvatn. Leiðbeinendur í útilífsskóla eru reyndir foringjar með margra ára reynslu af skátastarfi.



Námskeið 2007

Námskeið 1	11. - 15. júní *
Námskeið 2	18. - 21. júní
Námskeið 3	25. - 29. júní
Námskeið 4	02. - 06. júlí*
Námskeið 5	09. - 13. júlí
Námskeið 6	16. - 21. júlí
Námskeið 7	23. - 26. júlí*

* námskeið án útilegu, en farið verður í dagsferð á föstudeginum



Nánari upplýsingar um verð og skráningu verður á heimasíðu okkar frá lokum aprílmánaðar. Einnig verðum við með auglýsingu í Fjarðarpóstinum þegar nær dregur námskeiðum. Upplýsingar má nálgast á www.hraunbuar.is/utilifsskoli



Flokksútilega

Trítla

Kvöldmatarlagið

Trítlur heitir flokkurinn.
Klára alltaf matinn sinn.
Týggja góðan mat,
borða á sig gat.
Trítlur heitir flokkurinn.

Kaffilagið

Allar trítlur eiga að fara,
inní sal með svangan maga.
Heyrið það, heyrið það.
Því svangar eru trítlurnar.



Þegar við fórum að suða um fleiri útilegur var okkur sagt að við gætum farið í flokksútilegu hvenær sem er svo frama-lega að við finndum ábyrgðarmann yfir 18 ára sem Nanna (sveitarforinginn) treysti og gæti farið með okkur í útilegu.

Við ákváðum þá að fara eina nótt um mán- aðarmótin september-október.

Hverahlíð varð fyrir valinu einfaldlega af því að Hraunbúar eiga skálann og þar með er hann ókeypis! Þessi skáli er sko ekkert fimm stjörnu hótél heldur bara kofi með engu raf- magni, vatni, hita, símasambandi né klós- etti/kamri. Þar sem að skálinn er erfiður og við erum Trítlur tókum við kannski heldur mikinn farangur fyrir eina nótt, en allir voru með sitt- hvort kæliboxið og 1-3 töskur. Þegar mamma Árnýjar var að sækja allar til að skutla okkur upp eftir komst farangurinn varla í bílinn (sem var samt frekar stór). Þegar við vorum komnar í skálann áttum við allann daginn til að gera eitthvað skemmtillegt (og kannski skátalegt) áður en ábyrgðarmaðurinn kæmi seinni- partinn.

Við gerðum næstum ekkert skátalegt um daginn nema að ganga upp á nálægt fjall (var samt eiginlega bara hóll eða hæð) sem við vissum ekki hvað hét og nefndum það þá bara Trítlu. Afgangurinn af deginum fór bara í að garga og hanga inni.

Þegar fór að nálgast kvöldmatinn fengum við okkur smá göngutúr til að finna símasam- band og hringja í ábyrgðarmanninn. Hann sagðist vera á leiðinni, hafði bara tafist aðeins í vinnunni.

Við þorðum ekki að fara til baka í skálann því að þar var ekkert símasamband og við vildum

að ábyrgðarmaðurinn gæti hringt í okkur þannig að við biðum bara þarna á veginum eftir að hann kæmi. Við biðum frekar lengi og vorum farnar að syngja bb bensín og Steinunn lék hana Brúnhildi úr Fóstbræðrum til að dreifa huganum. Um níu leiðið fórum við svo aftur upp í skálann að syngja og rétt eftir það kom ábyrgðarmaðurinn. Einhverntíma seinna um kvöldið fórum við að koma okkur í háttinn.

Við vorum mjög hræddar um að það væri að koma draugagangur af því að ábyrgða- maðurinn var alltaf að kíkja út um gluggann. Síðan byrjaði draugagangurinn, einhver reyksprengja var sprengd fyrir utan og svo

komu Smári, Kísi, Ólöf og einhverjir fleiri hlaupandi inn með paintball byssur að skjóta í allar áttir.

Þegar þau voru farin vorum við frekar hræddar við að fara út að pissa en það reddaðist!

Um morguninn vöknudum við frekar snemma og borða morgunmat.

Á meðan við biðum eftir að komið væri að sækja okkur löbbuðum við niður að vatni (skátalegt?) og hégum meira inni.

Þegar við vorum ný lagðar af stað mundum við eftir svolitlu sem við höfðum gleymt á Vor- mótinu.

Það var nefninlega þannig að á vormótinu voru Riddararnir með þetta gongj (skjöldur sem segir gongj þegar hann er laminn) sem þeir byrjuðu að lemja á morgnana þegar þeir vöktu okkur og hættu ekki fyrr en um kvöldið. Skiljanlega var þetta farið að fara í taugarnar á sumum þannig að við stálum gongjina og földum það á háaloftinu í Krísvíkirkirkju og ætluðum að skila því þegar mótið væri búið en gleymdum því. Þannig að við komum bara við í kirkjunni á leiðinni heim og sóttum það og skiluðum því svo upp í skátaheimili. Riddar- arnir voru mjög ánægðir með að fá gongjið sitt aftur en við vonum að þeir hafi lært eitthvað af þessu og láti gongjið bara vera í næstu útilegu.

Steinunn GlingurTrítla, Erna LetiTrítla, Árný SúperTrítla, Dóra PúkaTrítla og Vigdís Flipp- Trítla

Vissiru að?

- * Við erum allar eintómir skátalúðar og filum það í botn.
- * Steinunn og Erna eru búnar að þekkja stíðan að Erna fæddist.
- * Okkur finnst skátaskýrtur það asnalegasta og óþægilegasta í heimi.
- * Árný er mesti skátinn af okkur öllum.
- * Steinunn var latur flokksforing en þeir tímar eru liðnir að sögn hennar.:D
- * Við eigum allar síma.
- * Við erum þekktar fyrir mikil læti og flipp í skátunum.
- * Við förum aldrei að sofa þegar okkur er sagt að gera það.
- * Við erum allar MORGUNFÚLAR!!!
- * Við berum önnur nöfn hjá Trítlum sem eru GlingurTrítla, LetiTrítla, SúperTrítla, PúkaTrítla og FlippTrítla.
- * Við erum í skátafélaginu Hraunbúum.
- * Enginn af okkur er eins týpa.
- * Við drekkum ekki og reykjum ekki.:D
- * Við elskum bleikan.
- * Flokksdýrin okkar eru mús og fiðrildi.
- * Við þolum ekki að fara í frí frá skátunum.
- * Við elskum að fara í útilegur.
- * Við erum flottasti flokkurinn af þeim öllum!

Skátsveitin

Riddarar



Í Riddarasveitinni starfa 40 hressir strákar á aldrinum 11-15 ára sem hafa gert margt skemmtilegt í vetur. Útilíf er stór hluti starfsins en þar kemur það að góðum notum að hafa lært að bjarga sér sjálfur, nota kort og áttavita og elda sér mat yfir eldi. Við höfum farið í 2 útilegur í vetur, í október fórum við í félagsútilegu í Vatnaskógi og í nóvember fórum við sveitarútilegu á Úlfjótssvatn ásamt Rauðskinnnum og Vogabúum. Næst á dagskrá hjá okkur er sveitarútilega í skátaskálann Þrist í Esju 13-15 apríl. Þema útilegunnar er Útilíf og ætlum við að ganga í hlíðum Esjunnar og reyna að gera okkur snjóhús.



Riddarar

11 -14 ára strákar

Sveitarforingi: Kolbeinn Guðmundsson

Flokkar:

Drekar, Bjórar, Minkar, Kastalabúar, Krossfarar, Ránfuglar

Góð byrjun á góðu sumri

Hvað er vor án Vormóts?

Þessari spurningu færðu svarað ef þú spyrð næsta hafnfirka skáta sem hefur alist upp við það að byrja sumarið á því að fara í Krýsuvík á Vormót Hraunbúa og skemmt sér þar, oftast nær í rigningu og sól á sama tíma.

Um Hvítasunnuhelgi flykkjast skátar að frá öllum landshornum til að skemmta sér saman og fagna því að nú sé sumarstarf skáta að byrja með fullum krafti og eintóm gleði framundan. Á Vormóti er mikið um að vera og fjölbreyttir póstar fyrir alla, og má þar nefna vatnasafarí, kassaklifur, útiöldun, fyrsta hjálp, kims leikir, hnútar, sig og auðvitað „Asterix leikar“ sem eru svokallaðir ólympiuleikar skáta. Mótið er ekki engöngu fyrir skáta því undanfarin ár hafa fjölskyldubúðirnar stækkað hratt og hafa heilu fjölskyldurnar mætt með börnum sínum og jafnvel afi og amma líka. Í fjölskyldubúðunum myndast skemmtileg stemning þar sem fjölskyldur skemmta sér saman og myndast góð vínatengsl þar oft á tíðum sem endast um áraraðir.

Vormót er fyrsta skátamót sumarsins og hafa Hraunbúar staðið fyrir því 66 sinnum og nú um Hvítasunnuhelgina bætur skátafélagið við 67. Vormóti sínu og verður ekkert slegið af glæsileikanum í ár. Paulreyndir skátar munu sjá um skipulagningu mótsins og nú í ár er skátapabbinn Guðni Gíslason mótsstjóri. Það verður gaman að sjá sem flesta skáta unga og aldna 25. til 27. maí í Krýsuvík á Vormóti Hraunbúa.



Forsetamerkið

Vert ári hlýtur hópur skáta á aldrinum 17-20 ára forsetamerkið frá forseta Íslands sem er verndari skátahreyfingarinnar. Merkið var fyrst afhent árið 1965 og í dag hafa rúmlega 1100 skátar hlotið þessa viðurkenningu. Forsetamerkið er staðfesting þess að skátinn hafi hlotið tiltekna þjálfun í skátahreyfingunni og með

starfi sínu teljist verðugur þess að hljóta viðurkenninguna

Á síðasta ári hlutu sex Hraunbúar forsetamerkið. Þau hafa verið starfandi í skátafélaginu í mörg ár og lagt félaginu gott lið. Hraunbúar eru stoltir af að hafa þau í sínu liði og óskar þeim innilega til hamingju með þennan merka árangur.



Hraunbúar sem fengu forsetamerkið 2006

Árni Hermannsson, Dagný Vilhelmsdóttir, Elna Albrechtsen, Katrín Ýr Árnadóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Smári Guðnason



Þjóðverjar í heimsókn hjá Ds. Trail



Í sumar tók Ds. Trail á móti níu þýskum skátum úr skátafélaginu Stamm. Laugardaginn 5. ágúst í fyrra lögðum ég, Arnþór, Árni og Tóti af stað uppá Keflavíkurlugvöll til að taka á móti þjóðverjunum. Um kvöldið var ferðinni heitið í Hverahlíð þar sem við spiluðum á gítar og sungum saman. Á sunnudeginum héldum við af stað í bíltúr með þeim og keyrðum við á helstu ferðamannastaðina á suðvesturhorninu, Gullfoss, Geysi, Þingvelli, Kerið og fleira. Við enduðum svo í Húsafelli á sunnudagskvöldinu þar sem við gistum. Daginn eftir lá leið okkar svo heim því þjóðverjarnir þurftu að undirbúa sig fyrir NordJamb.



Árla morguns þann 15. ágúst fóru ég, Tóti, Gummi og Hekla (hundurinn hans Tóta) ásamt þjóðverjunum af stað til Landmannalauga. Þaðan ætluðum við svo að ganga Laugarveginn yfir í Þórsmörk. Ferðin gekk mjög vel og kom ekkert meiriháttar vandamál uppá nema kannski sólbruni hjá okkur Tóta. Við komum í skála Ferðafélags Íslands við Hrafninnusker að kvöldi og tjölduðum við þar í sandinum. Daginn eftir hélt för okkar áfram, í gegnum hóla og hæðir og fullt af lækjum, að Álftavatni þar sem við skelltum upp tjöldum og fórum svo í sund í vatninu og lágum í sólbaði.



Á fimmtudeginum lögðum við svo af stað frá Álftavatni og gengum yfir í Emstrur sem var næst síðasti áfangastaðurinn á för okkar. Þar tjölduðum við aftur, lágum í sólbaði og skoðuðum svæðið í kring. Næsta dag var ekkert verið að tvinóna við þetta, síðasti dagur ferðarinnar og að sjálfsögðu ekkert slakað á í göngunni. Förrinni var heitið í Þórsmörk þar sem við vorum sótt af Gumma og Björgunarsveit Hafnarfjarðar.

Þetta var alveg frábær ferð og vonandi munu fleiri erlendis skátaþópar koma í heimsókn til okkar Hraunbúa.

Laugardaginn 19. ágúst hélt hópurinn svo af stað heim á leið eftir tveggja vikna dvöl hér á Íslandi og segja þau þetta hafa verið frábæra og ógleymanlega ferð.

Smári Guðnason



Ds. Trail

15 - 18 ára stelpur og strákar
Sveitarforingi: Þórólfur Kristjánsson

Misheppnaður draugagangur og mannasiðir

Fyrstu helgina í febrúar fóru Rauðskinnur í sveitarútilegu í Lækjarbotna sem er ef til vill uppáhalds skáli Rauðskinna. Á föstudeginum mættu stelpurnar klukkan sjö og komu sér fyrir, föstudagskvöldið fór í það að hræða hverja aðra og fara á skemmtilega leiki. Þegar stelpurnar voru komnar í háttinn reyndu strákarinn að hræða okkur en það er sko ekkert auðvelt að hræða Rauðskinnur svo strákarinn gáfust upp og við fórum að sofa. Á laugardegnum var svo farið í póstaleik þar sem fjölbreyttir póstar voru í boði og þar má nefna, Prinsessupóst þar sem þær lærðu mannsiði, blindabrautina vinsælu, leikjapóst og sveitarforingjarpóst þar sem stelpurnar spjölluðu við Unu sveitarforingja. Um kvöldið elduðu svo sveitarforingjar og dróttskátar hamburgara fyrir stelpurnar og var þeim þjónað til borðs og í eftirrétt var skúffukaka. Eftir kvöldmat var auðvitað haldin kvöldvaka þar

sem var sungið og leikið. Næturleikur var svo í framhaldi af kvöldvökunni en í leiknum áttu stelpurnar að finna útúr stafarugli og urðu þær svo ruglaðar á því þær gáfust upp. Þegar allir voru komnir inn og búnir að fá sér kakó var farið að huga að því að koma sér í háttinn. Þegar allir voru komnir í poka þá byrjuðum við að heyra læti og við vorum sko ekki lengi að átta okkur á því að strákarnir hefðu ekki gefist upp frá kvöldinu áður og voru komnir aftur að reyna að hræða okkur, eftir smá öskur þá fórum við bara að hlæja og þeir fóru heim og við fórum að sofa. Á sunnudeginum vöknúðu allir hressir og fóru út í snjókallakeppni og urðu „snjókallarnir“ mjög frumlegir. Eftir tiltekt fóru svo allir sáttir heim eftir góða sveitarútilegu. Flokkur útilegunar voru Pokarottur og stóðu þær sig frábærlega og auðvitað allar hinar líka.

Nanna Guðrún Bjarnadóttir

Nanna Guðrún Bjarnadóttir

Rauðskinnur

11-14 ára stelpur
Sveitarforingi: Una Guðlaug Sveinsdóttir

Flokkar: Fjaðrir, Trítalur, Pokarottur, Fléttur



Ds. Asterix

Ds. Asterix heitir önnur af tveimur starfandi dróttskátasveitum í Hraunbúum. Í sveitinni erum við tíu alls með foringja. Við hittumst alltaf einu sinni í viku og förum á fundi og gerum ýmsa hluti saman. Í vetur höfum við haldið bingókvöld og diskótek fyrir yngri krakkana í félaginu og höfum einnig verið dugleg að hjálpa þeim í útilegum.

Rétt fyrir jól förum við í litla bakpokaútilegu á Hellisheiði, í Reykjadalinn. Var þetta frekar köld útilega og fámenn. En við létum ekkert á okkur fá og komumst heil heim. Einnig höfum við verið virk í að taka þátt í sameiginlegum viðburðum á vegum BÍS (Bandalags Íslenskra Skáta), en þar má nefna Dróttskátamótið Saman, Smíðudaga, Landnemamót, Ds.vetrarlíf og fleira. Þrír félagar í sveitinni eru svo á leiðinni til Englands í lok sumars á Alheimsmót skáta. Okkur finnst virkilega gaman að fara í útilegur og kynnst nýju fólki, og hvetjum við sem flesta til að koma og prófa.

Kveðja,
Ds. Asterix



Ds. Asterix

15 - 18 ára stelpur og strákar
Sveitarforingi: Guðmundur Sigurðsson

Meðfylgindi myndir eru frá ferð Ds. Asterix á Hellisheiði.



Fjöruferð Vogabúa

Þann 27. febrúar síðastliðin förum við í fjöruferð. Markmið ferðarinnar var að skoða dýralífið, kanna hvernig mengun hefur áhrif á það og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir þá mengun. Skátaheimilið okkar í Vogunum er alveg niðri við fjöruna svo það var stutt að fara. Við gengum um fjöruna fyrir neðan skátaheimilið og sáu strax að þar var hægt að gera margt til þess að laga og hugsa betur um fjöruna. Það þarf að týna oftar rusl í fjörunni því sjórinn ber margt rusl á land og það mætti færa holræsisrörið lengra út í sjó. Ef fjaran væri hrein þá væri t.d. hægt að synda í sjónum á sumrin og þá væri skemmtilegra að týna skeljar og aðra merkilega hluti í fjörunni.

Kveðja,
skátasveitin Vogabúar



Vogabúar

Stelpur og strákar
Sveitarforingi: Guðrún Stefánsdóttir

Ofurhetjur í Vatnaskógi



Helgina 13. - 15. október héldum við Hraunbúar í félagsútilegu í Vatnaskógi. Þema útilegunnar var Ofurhetjur og fimmtudaginn fyrir útileguna var haldið upphitunarkvöld þar sem allir mættu í búningum. Þrátt fyrir mikla rigningu og rok þá stóðst dag-skráin og fóru krakkarnir meðal annars

út á bátum og í kassabílana og skemmtu sér konunglega, Yfir helgina var m.a. útvarp á svæðinu í beinni útsendingu og fengu krakkarnir að syngja og tala í útvarpið, einnig var í boði að mála ofurhetjur á stóran pappír, fara í tarsanleik, Twister og kassabílarallý svo eitthvað sé nefnt.



Þjóðarkvöld og sunnudagsgöngur

Eitt það skemmtilegasta sem ég veit eru þjóðarkvöldin hjá Gildinu. Þar kynnist ég nýrri þjóð og veit meira á eftir auk þess að hafa skemmt mér konunglega. Um síðustu helgi hittumst við þó nokkur og fræddumst um Pólland en áður höfum við kynnst Frakklandi, Slóvaníu, Íslandi 1964, Austurríki, Brasilíu og Indónesíu. Landið var kynnt í mat og myndum, tali og tónum. Prins Pólói og pólskum verkamönnum, jólakúlum og pylsum. En slík kvöld verða ekki til án undirbúnings, og alltaf er jafn spennandi að bíða eftir því hvernig til tekst.

Við í St. Georgsgildinu, félagi eldri skáta í Hafnarfirði, hittumst einu sinni í mánuði og jafnvel oft og gerum það sem okkur finnst skemmtilegt og upplifum gamla skátaandann. Í janúar hittumst við í Skátalundi við Hvaleyrarvatn á köldu vetrarkvöldi og kíktum á stjörnur- ar fjarri ljósmengun borgarinnar í gegnum öfluga stjörnuvík. Var magnað að sjá fjölda stjarna og læra að þekkja fleiri stjörnumerki en þau sem maður leitar oftast að. Fyrir í vetur var farið í Skátalund á köldu vetrarkvöldi og farið í skátaleiki. Fyrir jólin koma saman ungir sem

gamlir og dansa kringum varðeld, hlusta á jólaboðskapinn og syngja jólalögin. Við förum í leikhús, við fáum valinkunna menn til að kynna okkur það sem við viljum fræðast um. Við reynum líka að halda utan um minjar skátafélagsins og skátastarfs í Hafnarfirði. Við reynum eftir bestu getu að styrkja sambandið við skátafélagið Hraunbúa og aðstoða þegar okkar er þörf. Starfið er fyrst og fremst til að viðhalda vinskapi og skapa vettvang til að viðhalda honum. Oft hittumst við í Skátalundi, skála félagsins við Hvaleyrarvatn og sitjum við eldinn, rifjum upp og syngjum saman.

Íslensku gildin mynda samtök sem nefnast



Landsgildi, en starfið innan gildanna getur verið mjög mismunandi.

Ert þú gamall skáti, tilheyrir þú gamalli skáttaklíku, ertu foreldri skáta, eða hefurðu áhuga á skátastarfi? Ef svarið er já, gæti verið þess virði fyrir þig að prófa og jafnvel ganga til liðs við St. Georgsgildið. Því ekki að endurnýja kynnin við skátana. Við í gildinu erum á öllum aldri og tökum fagnandi hendi á móti þér. Eitt sinn skáti - ávallt skáti! Það eru margir sem hafa heyrt þetta og margir hafa farið með þessi orð, kjör- orð skáta. Félagið var stofnað árið 1964 og eru félagar nú um 80.

Nú er framundan Vormót Hraunbúa í Krýsuvík um hvítasunnuna. Þangað koma skátar, foreldrar og st. Georgsskátar. Þar er kjörinn staður til að rifja upp skátasöngvana og hitta fyrrum féлага.

Ef þú hefur áhuga lítlu þá á heimasíðuna okkar: stgildi.hraunbuar.is eða hafðu samband við gildismeistara í síma 699 8191.

Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir,
gildismeistari

Líf og list á Björtum dögum

Skrifstofa menningar- og ferðamála auglýsir eftir tillögum að dagskráratríðum fyrir Bjarta daga. Hátíðin stendur frá 31. maí til 10. júní.

Bæjarbúar eru hvattir til að taka þátt og leggja sitt að mörkum til að gera hátíðina sem veglegasta. Ef óskað er eftir fjátramlögum til einstakra atriða skal kostnaðaráætlun fylgja með.



Skilafrestur 18. apríl.

Nánari upplýsingar á Skrifstofu menningar- og ferðamála
S 585 5775/ 585 5776

Umsóknir skulu merktar:

Bjartir dagar 2007
Skrifstofa menningar- og ferðamála
Vesturgata 8
220 Hafnarfjörður



Fengum að njóta okkar eins og við erum

Þær voru kallaðar skátanörðar í grunnskóla, en tóku þá til þess ráðs að mæta sérstaklega í skátaskyrtunni í skólann 22. febrúar. Þær voru stoltar af því að vera skátar!

Systurnar Harpa Hrönn (33) og Erna Mjöll (31) Grétarsdætur eru ómetanleg stoð okkar Hraunbúa.

